

Mannréttindaskrifstofa Íslands

Laugavegi 7 • 3. hæð • 101 Reykjavík

Sími: 552 2720 • Fax: 552 2721 • e-mail: icehr@humanrights.is

Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um bætta réttarstöðu barna samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Mannréttindaskrifstofan mælir með því að Alþingi samþykki ofangreinda þingsályktunartillögu.

Mannréttaskrifstofan er sammála nauðsyn þess að skipuð verði nefnd til að gera úttekt á lögum og framkvæmd laga er varða börn með það að markmiði að uppfylla skilyrði barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Eðlilegt er að slík úttekt sé framkvæmd við fullgildingu alþjóðlegs samnings á sviði mannréttinda, þar sem aðildarríki skuldbinda sig við fullgildinguna til þess að tryggja öll réttindi sem kveðið er á um í samningnum.

Eins og málum er háttáð núna, er fyrir hendi á nokkrum sviðum misræmi á milli réttinda barna og framkvæmd þeirra samkvæmt landslögum annars vegar og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna hins vegar. Mikilvægt er að markviss athugun verði gerð á þessu misræmi.

Mannréttindaskrifstofan er enn fremur meðmælt því að metið verði hvort rétt sé að lögleiða sáttmálann í heild sinni, en lögleiðing sáttmálans myndi styrkja mjög réttarstöðu barna á Íslandi.